Samþykkt:




GRUNNMYND 1 HÆÐ MKV 1:100

Skýringar:
vs - vatnsalerni
lr - vélræn loftræsing
gn - gólfniðurfall
gs - gufusteikingarofn
brsl - brunaslanga
rv - ræstivaskur
uv - uppvöskunarvél
hb - helluborð
hst - handslökkvitæki
sv - skolvaskur
áv - áhaldavaskur
mv - matvælavaskur
hl - handlaug fyrir starfsmenn
bhl - barnahandlaug
sb - skiptiborð - skiptiaðstaða

f.h. Hornsteina arkitekta ehf. Ögmundur Skarphéðinsson, [redacted]

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.af: |
|---|---|---|---|

Verkheiti:
**Sunnuás - leikskóli**

Heimilisfang:
Dyngjuvegur 18

Verktegund:
AÐALUPPDRÁTTUR

Landnúmer: - 104902 | Staðgreinir: - 0-1-13684305

GRUNNMYND 1. HÆÐ

Mælikvarði: - 1:100
Dagsetning: 16.05.2022

**hornsteinar**
ARKITEKTAR EHF.

VINNUSTOFA - INGÓLFSSTRÆTI 5 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 511-7011
NETFANG: hornsteinar@hornsteinar.is VEFFANG: www.hornsteinar.is

| DY - | A - | AU | _XX-XX_ | 2.0 | . |
|---|---|---|---|---|---|
| Verkefni | Fagsvið | Tegund | Mappa | Teikn. nr. | Útgáfa |

Samþykkt:




ÚTLIT NORÐUR MKV 1:100

Skýringar:
vs - vatnsalerni
lr - vélræn loftræsing
gn - gólfniðurfall
gs - gufusteikingarofn
brsl - brunaslanga
rv - ræstivaskur
uv - uppvöskunarvél
hb - helluborð
hst - handslökkvitæki
sv - skolvaskur
áv - áhaldavaskur
mv - matvælavaskur
hl - handlaug
bhl - barnahandlaug
sb - skiptiborð - skiptiaðstaða




ÚTLIT AUSTUR MKV 1:100




ÚTLIT VESTUR MKV 1:100




SNEIÐING A-A MKV 1:100




GRUNNMYND 1 HÆÐ MKV 1:100




ÚTLIT SUÐUR MKV 1:100

f.h. Hornsteina arkitekta ehf. Ögmundur Skarphéðinsson, [redacted]

| Útg. | Dags. | Skýring | Br.a |
|---|---|---|---|

Verkheiti:
**Sunnuás - leikskóli**

Heimilisfang:
Dyngjuvegur 18

Verkþáttur:
AÐALUPPDRÁTTUR

Landnúmer: - 104902 Staðgreinir: - 0-1-13684305

GRUNNMYND OG ÚTLIT

Mælikvarði: - 1:100
Dagsetning: 18.05.2022

**hornsteinar**
ARKITEKTAR EHF.


VINNUSTOFA - INGÓLFSSTRÆTI 5 - 101 REYKJAVÍK - SÍMI: 511-7011
NETFANG: hornsteinar@hornsteinar.is VEFFANG: www.hornsteinar.is


DY - A - AU _XX-XX_ 3.0 .

Verkefni Fagsvið Tegund Mappa Teikn. nr. Útgáfa

HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLFÖLDUN ER HÁÐ SKRIFLEGU SAMÞ

## USK Skipulag

| | |
|---|---|
| **Frá:** | Sigurður Baldursson [redacted] |
| **Sent:** | þriðjudagur, 27. september 2022 22:14 |
| **Til:** | USK Skipulag |
| **Afrit:** | Þórður nágranni; Kristín Bernharðsdóttir |
| **Efni:** | Athugasemd vegna Dyngjuveg 18 |
| | |
| **Eftirfylgniflagg:** | Fylgja eftir |
| **Flaggstaða:** | Lokið |

Við eigendur Laugarásvegar 62 og 64 gerum alvarlegar athugasemdir vegna fyrirhugaðs bráðabirgða leikskóla á bílaplani núverandi leikskóla á Dyngjuvegi 18.

Á teikningunum sést að 100 barna leikskóli á að nota 5 bílastæði, þar af eitt fyrir fatlaða.

Hér er verið að áforma katastrófu í götunni á morgnanna og í eftirmiðdaginn.

Bent skal á að hér var þétt setið fyrir þegar gamli leikskólinn var starfræktur.

Hjúkrunarrýmið Skjól að Laugarásvegi 66 er aðeins með 1 bílastæði fyrir starfsfólk og aðstandendur. Reglulega leggja líka þeir sem njóta þjónustu Ljóssins að Langholtsvegi 43 hér í götunni.

Bent skal líka á slysahættu þegar bílar koma blint inn á Laugarásveginn frá Langholtsvegi og keyra gjarnan hratt.

Það er því eindregin ósk okkar og krafa að af þessum áformum verði ekki. Það hlýtur að finnast betri lausn.

Spurt er síðan hvar eiga starfsmenn 100 barna leikskóla að leggja sínum bílum?

Fyrir hönd eigenda:

**Laugarásvegur 62:**
Sigurður Baldursson [redacted]
Kristín Bernharðsdóttir [redacted]

**Laugarásvegur 64:**
Þórður Ásmundsson [redacted]

--
Sigurður Baldursson
Mob:[redacted]

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 06.10.2022/ OGS

## Dyngjuvegur 18 (fsp). Bráðabirgðahúsnæði – leikskóli.

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða einingarhús á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrýmum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg. Erindi var grenndarkynnt frá 30. ágúst 2022 til og með 27. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigurður Baldursson, Kristín Bernharðsdóttir og Þórður Ásmundsson dags. 27. september 2022.




*Aðalskipulag Reykjavíkur 2040.*



*Hluti afstöðumyndar, 2022.*



*Staðsetning bráðabirgðahúsnæðis séð frá Laugarásvegi, ja.is 2020.*

### Skipulagsleg staða

<u>Aðalskipulag:</u> Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Dyngjuvegur 18 á skilgreindu svæði samfélagsþjónustu (S61).

<u>Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:</u> Til er skipulagsuppdráttur frá 1953 sem ekki telst hafa ígildi deiliskipulags. Byggingaleyfisumsóknin er því grenndarkynnt.

### Umsögn

Á lóðinni stendur leikskóli sem var upprunalega byggður af Thorvaldssen samtökunum árið 1961. Annað hús stendur á lóðinni sem var upprunalega byggt sem íbúðarhús við Laugarásveg 77 og er það í dag einnig nýtt undir starfsemi leikskólans.

Í báðum húsunum hefur fundist mygla og stendur til að taka þau í gegn. Til að geta leikskólahald getur haldið áfram er beðið um leyfi til að setja niður tímabundið bráðabirgðahúsnæði á bílastæði lóðarinnar. Um ræðir forsmíðuð einingarhús sem munu hýsa 100 börn eða 6 deildir.

Framlögð tillaga var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Dyngjuvegi 16, Langholtsvegi 70 og Laugarásvegi 58, 60, 62, 64, 66, 70 og 75.

Nokkrar athugasemdir bárust frá eigendum að Laugarásvegi 62 og 64. Þar er bent á að fyrirhuguð staðsetning á bráðabirgðaleikskóla muni valda miklu umferðaöngþveiti á Laugarásvegi á morgnanna og eftirmiðdaginn. Athugasemdir ásamt svörum skipulagsfulltrúa við þeim:

1) Bent er á að bílastæðin fyrir 100 barna leikskóla sem reiknað er með séu of fá.
   *Svar skipulagsfulltrúa: Reiknað er með að hluti foreldrar komi gangandi enda góðar göngu- og hjólaleiðir að leikskólanum í hverfinu. Einnig eru sleppistæði með aðkomu frá Laugarásvegi.*

2) Nú þegar sé mikið lagt í stæðin við götuna af starfsfólki og aðstandendum skjólstæðinga hjúkrunarheimilisins í Skjól við Laugarásveg 66 og svo af þeim sem sækja þjónustu sína í Ljósið sem er við Langholtsveg 43.
*Svar skipulagsfulltrúa: Bílastæðin við Laufásveg eru almenn bílastæði í borgarlandi.*

3) Bent er á slysahættuna sem skapast af því þegar keyrt er inn á Laugarásveg frá Langholtsvegi, þar sem bílar eru oft á hraðri ferð.
*Svar skipulagsfulltrúa: Þessari ábendingu verður komið áleiðis til samgöngustjóra Reykjavíkurborgar.*

4) Spurt er einnig hvar starfsmenn 100 barna leikskóla munu leggja bílum sínum?
*Svar skipulagsfulltrúa: Heildarfjöldi bílastæða er áætlaður 12. Kennarar munu leggja bílum sínum á bílastæði norðan svæðis með aðkomu frá Dyngjuvegi.*




*Afstöðumynd með skýringum, 2022*

**Niðurstaða**

Lagt er til að tillagan verði samþykkt óbreytt.

f.h. **Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Olga Guðrún Sigfúsdóttir, arkitekt FAÍ og verkefnastjóri.